



# 39. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands

*haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ, 11. október 2014*

## Dagskrá

- Kl. 9:00 Fundarsetning
- Kl. 9:10 Kosnir starfsmenn fundarins:
- Fundarstjórar
  - Fundarritarar
- Kl. 9:20 Yfirlit yfir störf frá síðasta þingi:
- Skýrsla stjórnar
  - Reikningar lagðir fram
  - Umræður
  - Afgreiðsla reikninga
- Kl. 11:30 Mál lögð fyrir fundinn:
- Fjárhagsáætlun
  - Önnur mál frá stjórn
  - Erindi og mál frá fulltrúum
  - Umræður og málum vísað til nefnda
- Kl. 12:00 Matarhlé
- Kl. 13:00 Nefndarstörf
- Kl. 14:30 Kaffihlé
- Kl. 15:00 Nefndir skila álitum, afgreiðsla mála
- Kl. 16:00 Önnur mál
- Kl. 17:00 Fundarslit

# FUNDARSETNING

Formaður UMFÍ, **Helga Guðrún Guðjónsdóttir**, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Ágætu ungmennafélagar.

Niðurstöður 48. ársþings UMFÍ, sem haldið var í Stykkishólmi fyrir ári, hafa mótað og sett mark sitt á starfsemi liðins starfsárs. Á þinginu voru samþykktar margar tillögur. Fyrir utan hefðbundnar þakartillögur og hvatningartillögur um að taka þátt í Landsmótum UMFÍ sneru flestar tillögurnar að breytingum á verkefnum eða málaflökkum sem fyrir eru í starfsemi hreyfingarinnar. Má þar til dæmis nefna samþykkt á siðareglum, breytingar á fræðslustefnu, athugun á samstarfi við ÍSÍ, hvatningu til aukinnar hreyfingar í samfélaginu, samþykkt á breytingu á reglugerð um Unglingalandsmót, vinnureglur um staðarval á Landsmótum UMFÍ og umsóknarform Landsmóta.

Á þinginu var samþykkt heimild til stjórnar UMFÍ til að selja Þrastalund og var forgangsverkefni hjá stjórn að vinna að því máli. Í mars sl. var gengið frá sölunni.

Á þinginu var einnig samþykkt tillaga þess efnis að fá heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra til að vinna með UMFÍ og öðrum félagasamtökum í samstarfsráði um forvarnir að stofnun „Forvarnamiðstöðvar“ frjálsra félagasamtaka. Það mál er í vinnslu og vonandi tekst að landa samningi um slíkan rekstur fljótlega. Þingið beindi því einnig til stjórnar að skipa nefnd sem hefði það hlutverk að taka efnislega afstöðu til þess að fara í viðræður um skipulag íþróttahreyfingarinnar og skiptingu fjármuna innan hennar auk breytinga á lögum. Nefndin hefur verið að störfum allt sl. ár og fyrir fundinum liggur stöðumat á vinnu hennar.

Felix er miðlægt tölvukerfi UMFÍ og ÍSÍ sem heldur utan um íþróttaiðkendum á Íslandi og þykir vera einstakt í sinni röð á heimsvísu. Kerfið hefur verið gagnrýnt talsvert af notendum undanfarin ár fyrir að vera ekki nógu notendavænt. Í september sl. ákváðu stjórnir UMFÍ og ÍSÍ að fara út í kostnað við að hanna viðmót sem væri notendavænna og verður það vonandi til þess að eiginleikar Felix nýtist betur. Ákvörðun stjórnar byggir á vinnu nefndar sem verið hefur að störfum með fulltrúum UMFÍ um Felix.

Á liðnu starfsári hefur verið unnið að mörgum verkefnum innan hreyfingarinnar, þau þróuð og endurbætt í takt við tíðarandann og þarfir samfélagsins. Verkefnin hafa fengið góðar undirtektir og þátttaka í þeim verið góð. Í huga mínum stendur upp úr það mikla og fjölbætta starf sem hefur verið unnið. Ljóst er að sjálfbodaliðastundirnar eru margar við undirbúning og framkvæmd þess mikilvæga starfs sem er grundvöllur hreyfingarinnar og er unnið um land allt.

Í forvörnum höfum við horft til þess að útvíkka málaflökkinn yfir í lýðheilsu- og forvarnir. Helgast það helst af því að við finnum að mikil þörf er fyrir vitundarvakningu í þjóðfélaginu um að bætt lýðheilsa þjóðarinnar auki heilbrigði og spari um leið fjármuni sem fylgir því að færri þurfa að nýta sér heilbrigðisþjónustu.

Fyrir ungt fólk var margt í boði, bæði innan lands og utan. Ungmennni fengu stuðning við að sækja nám í lýðháskólum í Danmörku, hópur tók þátt í ungmennaviku NSU ásamt ýmsum ráðstefnum og námskeiðum. Ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum í Sælingsdal fyrir 9. bekkinga grunnskólanna hafa fest sig í sessi og ríkir mikil ánægja með starfseminum.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var í boði fyrir ungmenni á nokkrum stöðum víðs vegar um land og var honum að venju vel tekið. Markmiðið með skólanum er að efla frjálsar íþróttir og gefa þátttakendum tækifæri á að stunda íþróttina við bestu aðstæður.

Almenningsíþróttir hafa skipað stóran sess hjá hreyfingunni. Hreyfivikan, Move Week, fór fram um gjörvalla Evrópu dagana 29. september til 5. október sl. Verkefnið er herferð á vegum ISCA sem UMFÍ á aðild að og tókum við þátt í verkefninu. Kosturinn við hreyfivikuna er að hún er ekki sniðin að ákveðinni íþrótt eða hreyfingu heldur geta allir búið til sína eigin hreyfiviku og nýtt til þess þá kosti sem samfélag þeirra býr yfir til að smita frá sér jákvæðri nálgun á hreyfingu. Nokkrir sambandsaðilar UMFÍ, sveitarfélög, einstaklingar og fyrirtæki um allt land tóku þátt í verkefninu og var fjöldi viðburða og tækifæra til hreyfingar í boði fyrir fólk á öllum aldri. Með þátttökunni leggur UMFÍ þeirri framtíðarsýn hreyfivikunnar lið „að 100 milljónir fleiri Evrópubúar verði orðnir virkir í hreyfingu og/eða íþróttum árið 2020“.

Á 48. ársþingi UMFÍ var samþykkt tillaga þar sem stjórn UMFÍ er hvött til að fara í viðræður við ÍSÍ um hvort möguleiki væri á samstarfi um almenningsíþróttir. Þær viðræður eru hafnar en engin niðurstaða fengin.

Málefni eldri ungmennafélaga hafa verið okkur hugleikin og höfum við átt gott samstarf við Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) í gegnum árin. Þetta samstarf mun aðeins aukast enda ljóst að fjölgun verður á Íslandi í aldurshópnum 50 ára og eldri næstu áratugina. Það er því mikilvægt að sinna þessum aldurshópi vel og hvet ég ykkur, ágætu sambandsaðilar, til að taka þátt í því verkefni.

Fræðslumálin eru viðamikill þáttur í starfi hreyfingarinnar og hefur góð þátttaka verið í þeim námskeiðum sem hafa verið í boði. Á liðnu ári var áhersla lögð á félagsmálafræðslu, viðburðastjórnun, mannréttindafræðslu og útgáfu fræðslunámsefnis, m.a. í samstarfi við Æskulýðsvettvanginn.

Skinfaxi, hið aldna og merkilega málagn hreyfingarinnar, hefur tekið breytingum. Auk hefðbundinnar útgáfu voru gefin út tvö aukablöð í dagblaðsformi í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót. Ritnefnd Skinfaxes hefur verið öflug og m.a. unnið í samráði við stjórn UMFÍ drög að kynningarstefnu UMFÍ.

Ungmennaráð hefur starfað innan UMFÍ frá 2004 og hefur haft góð áhrif á þá starfsemi hreyfingarinnar sem snýr að ungu fólki á aldrinum 16–30 ára. Meðal verkefna ráðsins var undirbúningur og framkvæmd ráðstefnunnar „Ungt fólk og lýðræði“ sem haldin hefur verið fimm síðastliðin ár og þykir hafa heppnast vel.

Unglingalandsmótið, það sautjanda í röðinni, var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina í umsjón UMSS og Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Mótið heppnaðist einstaklega vel og var öllum þeim sem að undirbúningi og framkvæmd þess komu til mikils sóma. Hreyfingin þakkar öllum sem lögðu hönd á plóginn kærlega fyrir gott og óeigingjarnt starf. Umgjörðin, íþróttamannvirki, skipulagið og gestrisni heimamanna var eins og best gerist.

Fjórða Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Húsavík. Mótið fór fram með miklum glæsibrag og var HSP, Sveitarfélaginu Norðurþingi og UMFÍ til mikils sóma. Þátttakan er vaxandi og er almenn ánægja með mótið.

Átjanda Unglingalandsmótið mun fara fram á Akureyri og fimmta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið á Blönduósi á næsta ári og vonumst við eftir góðri þátttöku á bæði mótin.

Hér hefur verið stiklað á stóru í starfi UMFÍ á liðnu starfsári. Greinargóð skýrsla liggur frammi á fundinum þar sem gerð er grein fyrir fjölbreytileika starfseminnar.

Að lokum vil ég fyrir mína hönd og stjórnar UMFÍ þakka ungmennafélögum og öllu því góða fólki sem hefur lagt okkur lið með einum eða öðrum hætti fyrir framlag þess til hreyfingarinnar. Ég vil þakka framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki UMFÍ fyrir vel unnin störf. Sigurður Guðmundsson landsfulltrúi hefur hætt störfum hjá UMFÍ og þökkum við honum kærlega fyrir vel unnin störf, gott samstarf og samskipti um leið og við óskum honum alls hins besta í störfum hans á nýjum vettvangi.

Ég get ekki skilið við þessa skýrslu öðruvísi en svo að þakka stjórn sem og framkvæmdastjórn fyrir einstaklega ánægjulegt og árangursríkt samstarf. Sú samstaða og gleði sem hefur ríkt er slík að hún hvetur aðeins til dáða.

Stjórnvöldum, fyrirtækjum og öðrum þeim sem hafa styrkt okkur á árinu færi ég kærar þakkir.

Kæru félagar! Leggjum okkar af mörkum til að komandi starfsár verði gæfuríkt og munum að styðja og hvetja hvert annað því að þannig náum við bestum árangri.

Íslandi allt

**Formaður UMFÍ** afhenti síðan Ungmennafélaginu Stjórnunni viðurkenningu fyrir gott starf. Jóhann Steinar Ingimundarson formaður félagsins veitti viðurkenningunni viðtöku.

# KOSNIR STARFSMENN FUNDARINS

## Fundarstjórar:

Margrét Björnsdóttir og Baldur Daníelsson kjörin fundarstjórar.

## Fundarritarar:

Örn Guðnason, Gunnar Gunnarsson og Helgi Gunnarsson kjörnir fundarritarar.

Fundarstjórar og fundarritarar tóku til starfa og fundarmenn samþykktu jafnframt lögmæti fundarins.

## YFIRLIT YFIR STÖRF FRÁ SÍÐASTA ÞINGI

### Skýrsla stjórnar:

**Helga Guðrún Guðjónsdóttir**, formaður UMFÍ, fór yfir helstu atriði í skýrslu stjórnar. Hún minntist m.a. á nokkrar nýjungar í skýrslunni s.s. myndir og upplýsingar um stjórnarfólk og starfsmenn. Helga sagði að starf UMFÍ væri mikið og víðtækt eins og vel kæmi fram í liðnum fundir og ferðir. Hún ræddi einnig lykiltölur úr ársreikningi, helstu tekjuliði og lagði jafnframt áherslu á að hreyfingin stæði vörð um Lottó-tekjur. Hún sagði að vel liti út með tekjur af Lottói þetta árið. Helga Guðrún minntist á starf nefnda og ýmis verkefni hreyfingarinnar. Sagðist hún stolt af starfinu sem snerti marga fleti í samfélaginu og væri mikilvægt á mörgum sviðum. Síðan ræddi hún lítillaga samstarfsverkefni eins og Æskulýðsvettvanginn og Evrópu unga fólksins og hvatti sambandsaðila til að nýta sér þau verkefni.

### Reikningar lagðir fram:

**Helga Jóhannsdóttir**, gjaldkeri UMFÍ, lagð fram reikninga UMFÍ fyrir árið 2013. Fram kom að heildar-tekjur aðalsjóðs hækkuðu úr 212,5 milljónum í 246,2 milljónir kr. og gjöld aðalsjóðs hækkuðu úr 204,5 milljónum í 231,8 milljónir kr. Rekstrarhagnaður aðalsjóðs hækkaði úr 39,4 milljónum í 44,8 milljónir kr. Miðað við aðalsjóð og aðra sjóði jukust tekjur milli ára úr 385 milljónum í 445,6 milljónir kr. Gjöld jukust úr 373,1 milljón í 426,6 milljónir kr. Rekstrarhagnaður aðalsjóðs og annarra sjóða með fjármagnsliðum jókst úr 27,9 milljónum í 37,9 milljónir kr. Gjaldkeri fór einnig yfir heildaryfirlit um rekstur og efnahagsreikning. Eignir aðalsjóðs og annarra sjóða jukust úr 414,4 milljónum í 432,7 milljónir. Skuldir lækkuðu að sama skapi úr 220,6 milljónum í 200,9 milljónir kr.

### Umræður:

**Þorsteinn Marinósson**, UMSE, óskaði Stjórnunni til hamingju með alla titlana á þessu ári. Þakkaði fyrir greinargóða skýra skýrslu og sagði að reikningarnir væru orðnir mjög frambærilegir. Spurði um laun starfsmanna og framkvæmdastjóra og um bókfært virði Þrastalundar og Sigtúns 45. Spurði einnig um fjármögnunarleigusamninga og bað um útskýringar á söluhagnaði.

**Guðríður Aadnegard**, HSK, þakkaði fyrir greinargóða og vel fram sett skýrslu. Sagði að sér findist fundargerðir UMFÍ koma seint inn á heimasíðu UMFÍ. Einnig að ekki væru nægilegar upplýsingar í þeim. Sagðist sakna þess að hafa ekki fengið að sjá niðurstöður stefnumótunarvinnu vegna landsmóta og vildi sjá skýrari niðurstöður.

**Vignir Pálsson**, HSS, þakkaði stjórn fyrir greinargóða skýrslu og gott starf. Fagnaði góðum rekstri Íslenskrar getspár og spurði síðan um rekstartölur er tengjast Lottóinu.

**Einar Kristján Jónsson**, Vesturhlíð, sagði að skuldir hreyfingarinnar hefðu lækkað við söluna á Þrastalundi. Bað um að upplýsingar um söluna yrðu lagðar fram á fundinum.

**Helga Jóhannesdóttir**, gjaldkeri UMFÍ, sagði að laun og launatengd gjöld kæmu vel fram í nýrri framsetningu rekstraráætlunar sem kynnt yrði á fundinum. Hún sagði að bókfært verð Prastarlundar væri 60 milljónir og Sigtúns 125 milljónir. Varðandi bílamálin sagði hún að einn bíll væri að Laugum sem væri eign UMFÍ, einn bíll hefði verið seldur og leigu á einum bíll hefði verið sagt upp. Nú væru þrír bílar í umsjá UMFÍ, bíll að Laugum sem UMFÍ ætti, auk bíla framkvæmdastjóra og formanns. Greindi einnig frá kostnaði vegna Danmerkurferðar sem hún sagði að hefði ekki verið hár.

**Helgi Gunnarsson**, fjármálstjóri UMFÍ, útskýrði úthlutun úr Lottói samkvæmt reglugerð og sagði að mismunur á milli ára stafaði af því að aukagreiðslu frá Íslenskri getspá hefði ekki verið skipt út til sambandsaðila.

**Helga Jóhannesdóttir**, gjaldkeri UMFÍ, fór yfir söluferli Prastalundar og greindi frá lyklatríðum úr sölusamningi. Fram kom að söluverðið var 82,5 milljónir króna, 20 milljónir voru greiddar við undirskrift og afgangur skal greiðast í september. Helga sagði að kaupandi væri búinn að greiða 50 milljónir og þær hefðu verið nýttar til að greiða að upp lán við Landsbankann vegna Prastalundar. Lokauppgjör stendur yfir vegna galla í byggingunni og dregst sá kostnaður að öllum líkindum frá kaupverði.

**Helga Guðrún Guðjónsdóttir**, formaður UMFÍ, sagði að fundargerðir væru ávallt skráðar samkvæmt leiðbeiningum um ritun fundargerða og almennt tíðkaðist. Hún sagði einnig að greinargerð um framtíð landsmóta yrði lögð fram á fundinum til umræðu í nefnd. Hún sagði að stjórn UMFÍ hefði ekki viljað auglýsa stóra landsmótið fyrr en niðurstaða vinnunnar lægi fyrir. Einnig ræddi hún stjórnarfund sem haldinn var í Kaupmannahöfn og sagði að hollt hefði verið fyrir nýja stjórnarmenn að kynnast samstarfsaðilum.

**Helga Jóhannesdóttir**, gjaldkeri UMFÍ, þakkaði góða ábendingu um að hafa áætlanir með skýringarblöðum ársreikninga. Sagði Deloitte hafa fengið aukagreiðslu umfram samninga þar sem vinna við ársreikninga hefði verið meiri en reiknað var með.

**Vignir Pálsson**, HSS, spurði hvers vegna aukagreiðsla hjá Íslenskri getspá hefði ekki verið greidd út til sambandsaðila.

**Örn Guðnason**, ritari UMFÍ, sagði fundargerðir ávallt ritaðar eins og stjórn segði til um. Þær væru alltaf bornar upp áður en fundum lyki og samþykktar. Þær væru ritaðar með svipuðum hætti og fundargerðir sveitastjórna og annarra sambærilegra aðila og UMFÍ. Örn sagði einnig að hann hefði viðrað innan stjórnar UMFÍ hugmyndir um ítarlegri og meiri miðlun upplýsinga innan hreyfingarinnar.

**Margrét Björnsdóttir**, fundarstjóri, staðfesti orð Arnar um fundargerðir en bætti við að hjá sumum sveitarfélögum væru þær teknar upp.

**Guðríður Aadnegard**, formaður HSK, hrósaði Sabínu Steinunni Halldórsdóttur, landsfulltrúa UMFÍ, fyrir vinnu við Hreyfivíkuna. Fagnaði meiri upplýsingagjöf og ítrekaði jafnframt óskir um ítarlegri fundargerðir.

**Sæmundur Runólfsson**, framkvæmdastjóri UMFÍ, svaraði fyrirspurn um hugmyndir um ferð til Rómar. Sagði hann að rætt hefði verið um að fara með forsvarsmenn sambandsaðila í ferð eins og áður hefðu verið farnar. Það hefði ekki gengið upp að þessu sinni en væri enn til skoðunar. Fór einnig yfir kostnað við endurskoðun og samskipti við Deloitte. Sagði jafnframt að aukagreiðsla hefði komið í lok árs frá Getspá til ÍSÍ og UMFÍ. ÍSÍ hefði notaði hana í framkvæmdir en UMFÍ til niðurgreiðslu skulda.

**Margrét Björnsdóttir**, fundarstjóri, ítrekaði reglur um atkvæðisrétt og las upp áritun Deloitte á ársreikningi.

## Afgreiðsla reikninga:

Fundarstjóri bar ársreikning undir atkvæði og voru þeir samþykktir með þorra atkvæða gegn einu. Fundarstjóri bar síðan skýrslu stjórnar undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

## Ávörp gesta:

**Erlendur Kristjánsson**, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, flutti fundinum kveðju ráðherra mennta- og menningarmála. Hann fór yfir samskipti ráðuneytisins og UMFÍ og sagði að til stæði að funda og fara yfir samning þeirra á milli. Hann hrósaði UMFÍ fyrir Unglingalandsmótin og ræddi styrkleika til þeirra. Fór einnig yfir samskipti varðandi Erasmus+ og samning um þjónustu UMFÍ þar um. Sagði vel utan um það haldið og kvaðst ekki minnst þess að nokkurn tíma hefði komið fram kvörtun til ráðuneytisins þar um. Þakkaði hann starfsfólki landsskrifstofunnar fyrir vel unnin störf. Hét því jafnframt að fastar yrði fylgt eftir eftirliti með að æskulýðssamtök réðu ekki einstaklinga með kynferðisbrot á sakaskrá. Hrósaði vinnu Æskulýðsvettvangsins.

**Baldur Daniélsson**, annar fundarstjóri, stýrði síðan kynningum á tillögum sem lagðar voru fyrir fundinn.

## MÁL LÖGÐ FYRIR FUNDINN

### Fjárhagsáætlun:

**Helga Jóhannesdóttir**, gjaldkeri UMFÍ, lagði fram fjárhagsáætlun og fór yfir helstu forsendur hennar.

### Fundarskjal nr. 1

#### Rekstraráætlun 2015

#### Heildaryfirlit um rekstur – áætlun 2015

	<i>Aðalsjóður</i>	<i>Laugar</i>	<i>Evrópu- skrifstofa</i>	<i>Fræðslu- og Verkefnasj.</i>	<i>Umhverfis- sjóður</i>	<i>Fjármagnsliðir</i>	<i>Samtals</i>
<b>Rekstrartekjur:</b>							
Ríkisframlag	79.800.000	17.800.000	12.000.000				109.600.000
Lottó og getraunir	159.600.000			11.900.000			171.500.000
Aðrar tekjur	63.880.000	57.400.000	29.400.000		600.000		151.280.000
<b>Samtals</b>	<b>303.280.000</b>	<b>75.200.000</b>	<b>41.400.000</b>	<b>11.900.000</b>	<b>600.000</b>		<b>432.380.000</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>							
Laun og launatengd gjöld	52.037.000	40.947.000	25.900.000				118.884.000
Annar rekstrarkostn.	102.596.000	34.000.000	15.450.000	11.900.000	700.000		164.646.000
Lottó til sambandsaðila	134.300.000						134.300.000
Afskriftir	6.700.000						6.700.000
<b>Samtals</b>	<b>295.633.000</b>	<b>74.947.000</b>	<b>41.350.000</b>	<b>11.900.000</b>	<b>700.000</b>		<b>424.530.000</b>
<b>Afkoma f. fjármagnsliði</b>	<b>7.647.000</b>	<b>253.000</b>	<b>50.000</b>	<b>0</b>	<b>(100.000)</b>		<b>7.850.000</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>							
Vaxtatekjur	200.000			600.000	300.000		1.100.000
Hagnaðarhlutdeild í.G.						20.000.000	20.000.000
Gr. vextir og verðbætur						(5.263.000)	(5.263.000)
Áfallnar verðbætur						(2.800.000)	(2.800.000)
<b>Samtals</b>	<b>200.000</b>			<b>600.000</b>	<b>300.000</b>	<b>11.937.000</b>	<b>13.037.000</b>
<b>Rekstrarniðurstaða:</b>	<b>7.847.000</b>	<b>253.000</b>	<b>50.000</b>	<b>600.000</b>	<b>200.000</b>	<b>11.937.000</b>	<b>20.887.000</b>

**Margrét Björnsdóttir**, fundarstjóri, hrósaði vinnu við rekstraráætlun.

*Vísað til fjárhag nefndar*

## Önnur mál frá stjórn:

**Björg Jakobsdóttir** lagði fram tillögur 2 og 3.

### Fundarskjal nr. 2

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að færa Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands og ráðherra íþrótt- og menntamála þakkir fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja og stuðning við UMFÍ á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

*Vísað til allsherjarnefndar*

### Fundarskjal nr. 3

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, þakkar sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir góða aðstöðu og móttökur, UMSS fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 17. Unglingalandsmóti UMFÍ svo og íbúum öllum á sambandssvæðinu fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem innt var af hendi í tengslum við mótið.

*Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar*

**Ragnheiður Högnadóttir** lagði fram tillögur 4, 5 og 6.

### Fundarskjal nr. 4

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug, sem aldrei fyrr, á 18. Unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri 2015.

*Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar*

### Fundarskjal nr. 5

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur sambandsaðila til að standa vörð um þá mikilvægu tekjustofna sem koma frá Íslenskri getsþá og Íslenskum getraunum og nýta betur þau tækifæri sem felast í þeim.

*Vísað til fjárhagsnefndar*

### Fundarskjal nr. 6

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur sambandsaðila til að hafa starfandi landsmótsnefndir á ársgrundvelli sem stuðla að öflugri þátttöku á landsmótum UMFÍ, sem njóti leiðsagnar og stuðnings UMFÍ.

*Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar*

**Kristinn Óskar Grétuson** lagði fram tillögu 7.

### Fundarskjal nr. 7

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á 5. Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi 2015.

*Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar*

**Hrönn Jónsdóttir** lagði fram tillögu 8.

### **Fundarskjal nr. 8**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, skorar á sambandsaðila og aðildarfélög að banna alla tóbaksnotkun, þar með talið munntóbak, í öllu ungmenna- og íþróttastarfi og koma upp skiltum þessu til áréttingar. Skilti er hægt að nálgast hjá UMFÍ.

*Vísað til allsherjarnefndar*

**Kristinn Óskar Grétuson** lagð fram tillögur 9 og 10.

### **Fundarskjal nr. 9**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur Alþingi til að styðja sambands- og aðildarfélög UMFÍ með auknum fjárframlögum til eflingar á því mikilvæga starfi sem þau standa fyrir.

*Vísað til fjárhagsnefndar*

### **Fundarskjal nr. 10**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur sambandsaðila til að kynna sér og nýta þá möguleika sem eru í boði á vegum Evrópu unga fólksins (EUF) til að efla félagsstarfið hver á sínu svæði.

*Vísað til útbreiðslu- og fræðslunefndar*

**Björg Jakobsdóttir** lagði fram tillögu 11.

### **Fundarskjal nr. 11**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, þakkar sveitarstjórn Norðurþings fyrir góða aðstöðu og móttökur, HSP fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 4. Landsmóti UMFÍ 50+, svo og íbúum öllum á sambandssvæðinu fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem innt var af hendi í tengslum við mótið.

*Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar*

**Hrönn Jónsdóttir** lagði fram tillögur 12, 13 og 14.

### **Fundarskjal nr. 12**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, skorar á Mennta- og menningarmálaráðuneytið að standa vörð um fjárveitingar í Ferðasjóð ÍSÍ en þær skipta sambandsaðila UMFÍ miklu máli.

*Vísað til fjárhagsnefndar*

### **Fundarskjal nr. 13**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, þakkar þeim sveitarfélögum sem stutt hafa við bakið á iðkendum ungmenna- og íþróttafélaga með því að sjá þeim fyrir gistingu í sínu húsnæði. Jafnframt hvetur sambandsráðsfundurinn önnur sveitarfélög, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem þörfin er mikil, til að leggja sitt að mörkum til að þessir hópar fá gistingu á viðráðanlegu verði.

*Vísað til allsherjarnefndar*

### **Fundarskjal nr. 14**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, skorar á ríkisstjórn Íslands að afnema virðisaukaskatt af rekstri ungmenna- og íþróttafélaga þar sem slík ákvörðun myndi verða mikil lyftistöng fyrir rekstur þeirra.

*Vísað til fjárhagsnefndar*



## Erindi og mál frá fulltrúum:

**Haukur Valtýsson**, kynnti störf vinnuhóps vegna umsóknar íþróttabandalaga að UMFÍ.

### Fundarskjal nr. 15

Fram kom að helstu ástæður fyrir umsókn íþróttabandalaganna að UMFÍ eru að íþróttabandalögin tekja sig of íþrótt- og afreksmiðuð og að þau hafi ekki nægjanleg áhrif á stjórn og starfsemi ÍSÍ. Þau telja sig fá betri aðgang að ríkisvaldi og sveitarfélögum með aðild að UMFÍ og að þau eigi betur heima samhliða héraðssamböndum. Þau telja hag af því að samræma og vinna almenningsíþróttaverkefni með íþróttahéruðum í sama flokki og þau eru sjálf.

Fram kom að þau telja tilgang umsóknarinnar ekki vera fjárhagslegan. Ljóst er að með inngöngu þeirra þyrfti skipting tekna frá Íslenskri Getspá að breytast, sem og skipting lottótekna. Þá vakna spurningar um hvort íþróttahérað fengi ákveðna lágmarksupphæð og hvað myndi gerast ef héruðuð sameinuðust. Við inngöngu íþróttabandalaganna myndu nokkur aðildarfélög með beina aðild að UMFÍ falla undir bandalögin. Valdahlutföll innan UMFÍ myndu líklega breytast og því þyrfti að skoða vel uppbyggingu og valdahlutföll innan hennar. Þá er ljóst er að innganga bandalaganna hefði áhrif á fjárveitingar frá ríki til UMFÍ og ÍSÍ.

Jákvæða þætti við inngönguna var nefnt að samtökin yrðu öflugri heildarsamtök og málefni íþróttafélaga yrðu unnin á sama vettvangi. Félagum innan UMFÍ myndi fjölga verulega og meiri nánd við samfélagið myndi nást. Þá yrðu almenningsíþróttir og lýðheilsuverkefni á sömu hendi. Einnig var nefnd bætt samvinna og samheldni ungmenna- og íþróttafélaga.

Neikvæðu þættirnir væru helst lækkun á framlögum frá Íslenskri Getspá og ótti við að valdajafnvægi raskist, á það einkum við minni félög. Breyting á samsetningu samtakanna mun væntanlega taka töluverðan tíma.

Næstu skref varðandi hugsanlega inngöngu íþróttabandalaga eru fundir með aðildarfélögum UMFÍ og viðræður íþróttabandalaga við ÍSÍ. Einnig hefur verið rætt um breytta verkaskipting milli samtakanna og viðræður íþróttaförystu við ríkisvaldið.

*Vísad til allsherjarnefndar*

**Ingvar Sverrisson**, formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur, kynnti umsókn ÍBR að UMFÍ. Hann sagði bandalagið ekki sækjast eftir peningum og völdum heldur væri áherslan á íþrótt- og æskulýðsstarf. Fyrst og fremst þurfi að skilgreina þá þjónustu sem eigi að veita. Hvatti til að klára fyrst umræðuna um faglega starfið.

**Kjartan Ásmundsson**, kynnti niðurstöðu meistararitgerðar sinnar í stjórnun og skipulagi um skipulag íþróttamála undir yfirskriftinni: Getum við gert betur? Íþróttahreyfingin er meðal annars gagnrýnd fyrir að vera alltaf í stefnumótun en fylgja henni aldrei eftir. Sagði skipulag íþróttahreyfingarinnar lítið hafa breyst í gegnum tíðina og velti upp hvort það væri í samræmi við væntingar samfélagsins. Greindi styrkleika og veikleika núverandi skipulags og í viðtölum kom meðal annars fram að vilji virðist til að breyta því þar sem millilagið sé veikt. Sagðist vilja að ÍSÍ héldi utan um kjarnafærni og íþróttir barna og ungmenna en UMFÍ annað starf.

**Helga Jóhannesdóttir** lagði fram tillögur frá nefnd stjórnar um breytingar á reglum um Landsmót sem byggir á stefnumótunarvinnu sem verið hefur í gangi.

**Ómar Bragi Stefánsson** kynnti helstu breytingar, svo sem að mótið verði öllum opið en með lágmarksaldri og að stigakeppni héraðssambanda verði lögð af. Lýsti breytingunum sem róttækum sem myndu breyta mótinu mikið.

### Fundarskjal nr. 16 (sjá viðauka aftast í fundargerðinni)

*Vísad til landsmóts- og íþróttanefndar*

**Guðný Stefania Stefánsdóttir**, HSV, kynnti tillögu frá HSV um Vetrarlandsmót UMFÍ.

### **Fundarskjal nr. 17**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, samþykkir að fyrsta Vetrarlandsmót UMFÍ verði haldið á Ísafirði 5.–7. febrúar árið 2016. Meginhugmyndin með Vetrarlandsmóti er að koma með atburð að vetri í líkingu við Unglingalandsmótin að sumri. Gefa þar með sem flestum krökkum tækifæri til að fara í keppnisferðir út fyrir sitt svæði og búa til möguleika til fjölskylduferðalags á vetrartíma.

Undirbúningsnefnd hefur velt fyrir sér tímasetningu, þátttökualdri og keppnisgreinum. Grunnhugmyndir og tillögur nefndar eru eftirfarandi:

**Tímasetning:** 5.–7. febrúar 2016. Miðað er við að keppni hefjist seinnipart föstudags og standi fram á sunnudag.

*Miðað er við að Landsmótið sé haldið fyrir mesta annatímamann í mótahaldi félaga sem er frá seinnipart febrúar fram í miðjan apríl. Æskilegt er að hafa strax samband við þau sérsambönd sem við á um að skipuleggja ekki keppnir fyrir þennan aldurshóp á þessum tíma.*

**Aldur þátttakenda:** 10–14 ára.

*Hjá þessum aldurshópi eru færri mót en hjá 14+. (Hjá skíða- og brettakrökkum eru tvö stærri mót í boði fyrir þennan aldursflokk utan heimamóta. Bæði eru þau á Norðurlandi.)*

**Keppnisgreinar:** Skíðaganga, alpagreinar, snjóbreitti, freestyle, stigasleðarallý, blak, handbolti, jiujitsu og sundbolti.

*Auk hefðbundinna skíðagreina; alpa og göngu, væri keppt á snjóbreittum og freestyle skíðum, en mikill vöxtur er í þessum greinum nú. Stigasleðarallý og sundbolti væru nýjar keppnisgreinar sem allir gætu prófað. Blak, handbolti og jiujitsu væru svo innigreinar sem ekki er keppt í á Unglingalandsmóti UMFÍ og því tilvalið að setja hér með.*

**Keppnisstaðir:** Skíðasvæðið á Seljalandsdal og skíðasvæðið í Tungudal. Ípróttahúsið á Torfnesi, ípróttahúsið á Austurvegi og sundlaugar Ísafjarðarbæjar.

**Önnur dagskrá:** Á föstudagskvöldi væri opið hús í Sundhöllinni, hægt væri að nota bæði ípróttasal og sundlaug. Óformleg kvöldvaka/diskótek í sundlauginni.

Á laugardagskvöldi yrði ball/diskótek sem lyki með brennu og flugeldasýningu.

**Samgöngur:** Til Ísafjarðar eru 440 km frá Reykjavík, aksturstími um fimm og hálf klukkustund.

*Vegalengd frá Akureyri til Ísafjarðar er 558 km, aksturstími sex og hálf til sjö klukkustundir. Benda má á að það er jafnlangt til Ísafjarðar frá öðrum stöðum og frá Ísafirði til annarra staða!*

**Gisting:** Möguleiki er að fá aðgang að Grunnskóla Ísafjarðar sé vilji til þess.

**Lokaball:** Ípróttahúsið Torfnesi er vel til þess fallið að hýsa lokahóf Vetrarlandsmótsins, auk balls.

**Niðurlag:** Ljóst er að Landsmót UMFÍ eru afar vel heppnaðir viðburðir sem hafa mikla vaxtamöguleika. Við erum þess sannfærð að Vetrarlandsmót myndi teygja betur úr ípróttarárinu, skapi landsmótsvettvang fyrir fjölskyldur og iðkendur vetrarípróttu og gæfi nýjum sveitafélögum möguleika á að rækta þá ábyrgð og njóta þess heiðurs að vera gestgjafar í landsmótaflóru UMFÍ.

*Vísað til landsmóts- og ípróttanefndar*

## Umræður og málum vísað til nefnda:

Fundarstjóri skipaði í eftirfarandi starfsnefndir:

### Útbreiðslu- og fræðslunefnd

Guðríður Aadnegard, HSK, formaður  
Svava Arnardóttir formaður UMFÞ  
Tinna Hallgrímsdóttir, UMFÞ  
Anna Bjarnadóttir USK  
Egill Gunnarsson UÍA  
Starfsmaður nefndar: Sabína Steinunn  
Halldórsdóttir

### Allsherjarnefnd

Einar Haraldsson, Keflavík, formaður  
Gunnar Gunnarsson, UMFÍ  
Vignir Örn Pálsson, HSS  
Málfríður Sigurhansdóttir, UMFF  
Gunnlaugur Hreinsson, UMFG  
Aðalbjörg Valdimarsdóttir, USAH  
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, HSV  
Sigrún Jóhannsdóttir, UMFK  
Elín Sigurbjörg Harðardóttir, HSB  
Sigurður Gunnarsson, UÍF  
Starfsmaður nefndar: Jón Kristján Sigurðsson

### Fjárhagsnefnd

Helga Jóhannsdóttir, UMFÍ, formaður  
Pálmi Kristjánsson, USVS  
Þorsteinn Marinósson, UMSE  
Björg Jakobsdóttir, UMFÍ  
Starfsmaður nefndar: Helgi Gunnarsson

### Landsmóts- og íþróttanefnd

Guðný Stefania Stefánsdóttir, HSV, formaður  
Kolbrún Ívarsdóttir, HSB  
Valdimar Gunnarsson, HSB  
Kristín Gunnarsdóttir, UMSB  
Jenny Nilsson, UDN  
Guðrún Sigurjónsdóttir, USAH  
Birgitta Guðjónsdóttir, UFA  
Bjarnveig Ingvadóttir, UMSE  
Dúfa Ásbjörnsdóttir, UMSS  
Jónas L. Sigursteinsson, HSB  
Valdemar Einarsson, USÚ  
Hrönn Jónsdóttir, UMFÍ  
Reimar Marteinsson, USVH  
Starfsmaður nefndar: Ómar Bragi Stefánsson

## Matarhlé

## NEFNDASTÖRF

## NEFNDIR SKILA ÁLITI, AFGREIÐSLA MÁLA

### Allsherjarnefnd

**Einar Haraldsson**, formaður, kynnti starf nefndarinnar.

#### **Tillaga 2:** *Lögð fram óbreytt.*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að færa Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands og ráðherra íþróttá- og menntamála þakkar fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja og stuðning við UMFÍ á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

*Samþykkt samhljóða*

#### **Tillaga 8:** *Lagt til að „og aðildarfélög“ falli út.*

**Helgi Gunnarsson** útskýrði mun á sambandsaðilum og aðildarfélögum. Sambandsaðili væri beinn aðili að UMFÍ en aðildarfélög undiraðilar með aðild í gegnum viðkomandi héraðssamband.

**Einar Haraldsson** dró breytinguna til baka.

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, skorar á sambandsaðila og aðildarfélög að banna alla tóbaksnotkun, þar með talið munntóbak, í öllu ungmenna- og íþróttastarfi og koma upp skiltum þessu til áréttingar. Skilti er hægt að nálgast hjá UMFÍ.

*Samþykkt samhljóða*

**Tillaga 13:** *Lagt til að „öll“ en ekki „önnur“ sveitarfélög verði sett inn og „sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þörfin er mikil,“ verði fellt út.*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, þakkar þeim sveitarfélögum sem stutt hafa við bakið á iðkendum ungmenna- og íþróttafélaga með því að sjá þeim fyrir gistingu í sínu húsnæði. Jafnframt hvetur sambandsráðsfundurinn öll sveitarfélög til að leggja sitt að mörkum til að þessir hópar fá gistingu á viðráðanlegu verði.

*Samþykkt samhljóða*

**Tillaga 15:** *Nefndin lagði fram nýja tillögu.*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, lýsir yfir ánægju sinni með starf vinnuhóps um umsóknir íþróttabandalaga um aðild að UMFÍ. Fundurinn leggur til að hópurinn starfi áfram fram að sambandsþingi 2015 og leiti svara við þeim spurningum sem fram koma í vinnuskjali hans. Fundurinn telur nauðsynlegt að starf hópsins verði kynnt sambandsaðilum UMFÍ og rætt á þeirra vettvangi, líkt og gert var með stefnumótun landsmóta UMFÍ.

**Guðríður Aadnegard** sagði að hún hefði viljað fá tillögur nefndarinnar fyrir í hendurnar. Hvatti til að stór og mikil gögn yrðu send út fyrir fundi.

**Einar Haraldsson** sagði að miklar umræður hefðu verið í nefndinni en ítrekaði að nefndin héldi áfram vinnu sinni til að svara spurningum og áhersla verði lögð á að vinna nefndarinnar verði kynnt.

**Helga Guðrún Guðjónsdóttir** sagði að málið hefði því miður ekki unnist hraðar og því hefði ekki verið hægt að senda gögn fyrir út. Hvatti til að málinu yrði hleypt áfram fram að þingi og rætt heima í héruðum fram að því.

**Þorsteinn Marinósson** spurði hvort ekki þyrfti að vera ákvæði um að nefndin skilaði af sér ákveðinni afurð.

**Haukur Valtýsson** rifjaði upp þingsamþykkt frá 2013 um að nefndin taki efnislega afstöðu með viðræðum, skiptingu lottós og breytingu á lottó. Lýsti vinnunni sem „heljarverkefni.“ Sagði að ekki hefði neitt verið enn hlerað um afstöðu ÍSÍ til málsins.

**Einar Haraldsson** fór yfir umræðu allsherjarnefndar og áherslu á kynningu út í hreyfingunni.

*Tillaga nefndarinnar samþykkt samhljóða.*

## **Íþrótt- og landsmótsnefnd**

**Guðný Stefania Stefánsdóttir**, formaður, fór yfir starf nefndarinnar.

**Tillaga 3:** *Lögð fram óbreytt.*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, þakkar sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir góða aðstöðu og móttökur, UMSS fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 17. Unglingalandsmóti UMFÍ svo og íbúum öllum á sambandsvæðinu fyrir það mikla sjálfbóðaliðastarf sem innt var af hendi í tengslum við mótið.

*Samþykkt samhljóða.*

**Tillaga 4:** *Lögð fram óbreytt.*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug, sem aldrei fyrr, á 18. Unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri 2015.  
*Samþykkt samhljóða.*

**Tillaga 6:** *Lögð fram óbreytt.*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur sambandsaðila til að hafa starfandi landsmótsnefndir á ársgrundvelli sem stuðla að öflugri þátttöku á landsmótum UMFÍ, sem njóti leiðsagnar og stuðnings UMFÍ.  
*Samþykkt samhljóða.*

**Tillaga 7:** *Lögð fram óbreytt.*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á 5. Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi 2015.  
*Samþykkt samhljóða.*

**Tillaga 11:** *Lögð fram óbreytt*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, þakkar sveitarstjórn Norðurbings fyrir góða aðstöðu og móttökur, HSP fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 4. Landsmóti UMFÍ 50+, svo og íbúum öllum á sambandssvæðinu fyrir það mikla sjálfbóðaliðastarf sem innt var af hendi í tengslum við mótið.  
*Samþykkt samhljóða.*

**Tillaga 16:**

**Guðný Stefanía Stefánsdóttir** fór yfir umræður í nefndinni um breytingar á landsmótsreglugerð.

**Einar Haraldsson** þakkaði fyrir vinnuna. Óskaði eftir nánari skoðun, ræddi fjármögnun og starfsmannaábyrgð á mótinu.

**Örn Guðnason** sagði stjórn UMFÍ hafa skipað fjögurra manna hóp til að vinna úr niðurstöðum stefnumótunarfundanna og koma með tillögur að breytingum. Í vinnuhópnum voru ásamt Erni, Helga Jóhannesdóttir, Hrönn Jónsdóttir og Ómar Bragi Stefánsson. Örn fór yfir vinnu hópsins og sagði að tillögurnar fælu í sér miklar breytingar á landsmótunum en þær væru í samræmi við það sem hefði komið fram á stefnumótunarfundunum. Gott væri að menn ræddu tillögurnar ítarlega og settu fram skoðanir sínar um framtíð mótanna. Minnti jafnframt á að auglýsa þurfi, fyrr en síðar, eftir mótshaldara fyrir næsta Landsmót sem halda á 2017.

**Helga Guðrún Guðjónsdóttir** ræddi hvort vísa ætti skjali 16 til stjórnar til frekari meðferðar.

**Helga Guðrún** lagði síðan fram **nýja tillögu nr. 16**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, samþykkir að vísa tillögu 16 til stjórnar UMFÍ ásamt þeim minnispunktum sem komu frá íþrótt- og landsmótsnefnd á fundinum. Stjórn komi með tillögu fyrir þing UMFÍ 2015.  
*Samþykkt samhljóða.*

**Tillaga 17:** *Lögð fram óbreytt.*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, samþykkir að fyrsta Vetrarlandsmót UMFÍ verði haldið á Ísafirði 5.–7. febrúar árið 2016. Meginhugmyndin með Vetrarlandsmóti er að koma með atburð að vetri í líkingu við Unglingalandsmótið að sumri. Gefa þar með sem flestum krökkum tækifæri til að fara í keppnisferðir út fyrir sitt svæði og búa til möguleika til fjölskylduferðalags á vetrartíma.  
Undirbúningsnefnd hefur velt fyrir sér tímasetningu, þátttökualdri og keppnisgreinum. Grunnhugmyndir

og tillögur nefndar eru eftirfarandi:

**Tímasetning:** 5.–7. febrúar 2016. Miðað er við að keppni hefjist seinnipart föstudags og standi fram á sunnudag.

*Miðað er við að Landsmótið sé haldið fyrir mesta annatímamann í mótahaldi félaga sem er frá seinnipart febrúar fram í miðjan apríl. Æskilegt er að hafa strax samband við þau sérsambönd sem við á um að skipuleggja ekki keppnir fyrir þennan aldurshóp á þessum tíma.*

**Aldur þátttakenda:** 10–14 ára.

*Hjá þessum aldurshópi eru færri mót en hjá 14+. (Hjá skíða- og brettakrökkum eru tvö stærri mót í boði fyrir þennan aldursflokk utan heimamóta. Bæði eru þau á Norðurlandi.)*

**Keppnisgreinar:** Skíðaganga, alpagreinar, snjóbretti, freestyle, stigasleðarallý, blak, handbolti, jiu-jitsu og sundbolti.

*Auk hefðbundinna skíðagreina; alpa og göngu, væri keppt á snjóbrettum og freestyle skíðum, en mikill vöxtur er í þessum greinum nú. Stigasleðarallý og sundbolti væru nýjar keppnisgreinar sem allir gætu prófað. Blak, handbolti og jiu-jitsu væru svo innigreinar sem ekki er keppt í á Unglingalandsmóti UMFÍ og því tilvalið að setja hér með.*

**Keppnisstaðir:** Skíðasvæðið á Seljalandsdal og skíðasvæðið í Tungudal. Íþróttahúsið á Torfnesi, íþróttahúsið á Austurvegi og sundlaugar Ísafjarðarbæjar.

**Önnur dagskrá:** Á föstudagskvöldi væri opið hús í Sundhöllinni, hægt væri að nota bæði íþróttasal og sundlaug. Óformleg kvöldvaka/diskótek í sundlauginni.

Á laugardagskvöldi yrði ball/diskótek sem lyki með brennu og flugeldasýningu.

**Samgöngur:** Til Ísafjarðar eru 440 km frá Reykjavík, aksturstími um fimm og hálf klukkustund.

*Vegalengd frá Akureyri til Ísafjarðar er 558 km, aksturstími sex og hálf til sjö klukkustundir. Benda má á að það er jafnlangt til Ísafjarðar frá öðrum stöðum og frá Ísafirði til annarra staða!*

**Gisting:** Möguleiki er að fá aðgang að Grunnskóla Ísafjarðar sé vilji til þess.

**Lokaball:** Íþróttahúsið Torfnesi er vel til þess fallið að hýsa lokahóf Vetrarlands Mótsins, auk balls.

**Niðurlag:** Ljóst er að Landsmót UMFÍ eru afar vel heppnaðir viðburðir sem hafa mikla vaxtamöguleika. Við erum þess sannfærð að Vetrarlandsmót myndi teygja betur úr íþróttarárinu, skapi landsmótsvettvang fyrir fjölskyldur og iðkendur vetraríþróttar og gæfi nýjum sveitafélögum möguleika á að rækta þá ábyrgð og njóta þess heiðurs að vera gestgjafar í landsmótaflóru UMFÍ.

*Samþykkt samhljóða.*

## Fræðslunefnd

**Guðríður Aadnegard**, formaður, kynnti tillögur nefndarinnar.

**Tillaga 10:** Lögð fram óbreytt.

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur sambandsaðila til að kynna sér og nýta þá möguleika sem eru í boði á vegum Evrópu unga fólksins (EUF) til að efla félagsstarfið hver á sínu svæði.

*Samþykkt samhljóða.*

**Elín Sigurbjörg Harðardóttir** ræddi um að samræmi yrði að vera í orðalagi tillagna þegar rætt væri um sambandsaðila og aðildarfélög.

### Tillaga 18: Ný tillaga frá nefndinni.

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, skorar á stjórn UMFÍ að feta nýjar slóðir til að ná til ungs fólks.

*Samþykkt samhljóða.*

**Guðríður Aadnegard** hvatti stjórn til að gera átak í að ná enn betur til ungmenna.

## Fjárhagsnefnd

**Helga Jóhannesdóttir** kynnti vinnu fjárhagsnefndar.

**Tillaga 1: Lögð fram óbreytt.**

### Rekstraráætlun 2015

#### Heildaryfirlit um rekstur – áætlun 2015

	<i>Aðalsjóður</i>	<i>Laugar</i>	<i>Evrópu- skrifstofa</i>	<i>Fræðslu- og Verkefnasj.</i>	<i>Umhverfis- sjóður</i>	<i>Fjármagnsliðir</i>	<i>Samtals</i>
<b>Rekstrartekjur:</b>							
Ríkisframlag	79.800.000	17.800.000	12.000.000				109.600.000
Lottó og getraunir	159.600.000			11.900.000			171.500.000
Aðrar tekjur	63.880.000	57.400.000	29.400.000		600.000		151.280.000
<b>Samtals</b>	<b>303.280.000</b>	<b>75.200.000</b>	<b>41.400.000</b>	<b>11.900.000</b>	<b>600.000</b>		<b>432.380.000</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>							
Laun og launatengd gjöld	52.037.000	40.947.000	25.900.000				118.884.000
Annar rekstrarkostn.	102.596.000	34.000.000	15.450.000	11.900.000	700.000		164.646.000
Lottó til sambandsaðila	134.300.000						134.300.000
Afskriftir	6.700.000						6.700.000
<b>Samtals</b>	<b>295.633.000</b>	<b>74.947.000</b>	<b>41.350.000</b>	<b>11.900.000</b>	<b>700.000</b>		<b>424.530.000</b>
<b>Afkoma f. fjármagnsliði</b>	<b>7.647.000</b>	<b>253.000</b>	<b>50.000</b>	<b>0</b>	<b>(100.000)</b>		<b>7.850.000</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>							
Vaxtatekjur	200.000			600.000	300.000		1.100.000
Hagnaðarhlutdeild Í.G.						20.000.000	20.000.000
Gr. vextir og verðbætur						(5.263.000)	(5.263.000)
Áfallnar verðbætur						(2.800.000)	(2.800.000)
<b>Samtals</b>	<b>200.000</b>			<b>600.000</b>	<b>300.000</b>	<b>11.937.000</b>	<b>13.037.000</b>
<b>Rekstrarniðurstaða:</b>	<b>7.847.000</b>	<b>253.000</b>	<b>50.000</b>	<b>600.000</b>	<b>200.000</b>	<b>11.937.000</b>	<b>20.887.000</b>

*Samþykkt samhljóða.*

**Tillaga 5: Lögð fram óbreytt.**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur sambandsaðila til að standa vörð um þá mikilvægu tekjustofna sem koma frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum og nýta betur þau tækifæri sem felast í þeim.

*Samþykkt samhljóða.*

**Tillaga 9: Lögð fram óbreytt.**

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, hvetur Alþingi til að styðja sambands- og aðildarfélag UMFÍ með auknum fjárframlögum til eflingar á því mikilvæga starfi sem þau standa fyrir.

*Samþykkt samhljóða.*

**Tillaga 12:** *Lögð fram óbreytt.*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, skorar á Mennta- og menningarmálaráðuneytið að standa vörð um fjárveitingar í Ferðasjóð ÍSÍ en þær skipta sambandsaðila UMFÍ miklu máli.

*Samþykkt samhljóða.*

**Tillaga 14:** *Lögð fram óbreytt.*

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október 2014, skorar á ríkisstjórn Íslands að afnema virðisaukaskatt af rekstri ungmenna- og íþróttafélaga þar sem slík ákvörðun myndi verða mikil lyftistöng fyrir rekstur þeirra.

*Samþykkt samhljóða.*

**Sæmundur Runólfsson** sagði Almannaheill hafa unnið í málefnum þriðja geirans og lagt áherslu á að félög þar fái endurgreiddan virðisaukaskatt af aðföngum. Nefndi að málið hefði verið rætt við þingmenn.

## ÖNNUR MÁL

**Guðríður Aadnegard** þakkaði Sigurði Guðmundssyni fyrir vel unnin störf og ánægjuleg samskipti. Þakkaði jafnframt góða fundarstjórn og skemmtilegan fund.

**Einar Haraldsson** sagði stjórnarferðir erlendis gagnlegar og gefa mjög mikið. Þær virkuðu stundum sem bruðl en sagði slíka ferð hafa hjálpað mikið þegar hann var í stjórn. Fagnaði því að unnið væri að því að koma á kynnisferð fyrir sambandsaðila. Ræddi einnig Almannaheill sem UMFÍ hefði tekið þátt í að stofna og sagðist hissa á að ÍSÍ vildi ekki vera með í samtökunum. Vonaðist til að barátta fyrir afnámi virðisauka á aðföng félagasamtaka skilaði árangri. Fannst miður hve stuttur fundurinn væri og að gaman og ganglegt hefði verið að eiga kvöldstund að fundi loknum.

**Örn Guðnason** fagnaði umræðu um opna stjórnsýslu og miðlun upplýsinga. Minnti á Skinfaxa og skoraði á sambandsaðila að senda efni í blaðið. Sagðist hafa komið heim frá Danmörku uppfullur af hugmyndum þar sem hann hefði séð að DGI væri fremra UMFÍ á ýmsum sviðum og hvatti fundargesti til að kynna sér vef DGI. Þar væri margt sem væri hægt að nýta sér í starfinu. Þakkaði góðan og skemmtilegan fund.

**Helga Jóhannesdóttir** hrósaði starfsfólki UMFÍ og þakkaði samhentri stjórn fyrir samstarfið fyrsta árið. Tók undir brýningu um að ná þyrfti betur til ungmenna. Þakkaði að lokum fyrir góðan fund.

## FUNDARSLIT

**Helga Guðrún Guðjónsdóttir**, formaður UMFÍ, þakkaði fundarmönnum fyrir ánægjulegan dag og óskaði fólki síðan góðs gengis í starfinu í vetur áður en hún sleit fundi.

Fundi slitið kl. 17:00

**Ritarar fundarins:**

Örn Guðnason, Gunnar Gunnarsson og Helgi Gunnarsson



# FULLTRÚAR FRÁ SAMBANDSAÐILUM UMFÍ:

**Keflavík íþrótt- og ungmennafélag:**

Einar Haraldsson

**Ungmennafélag Njarðvíkur (UMFN):**

Ólafur Eyjólfsson  
Thor Hallgrímsson

**Ungmennafélag Grindavíkur (UMFG):**

Gunnlaugur Hreinsson

**Ungmennafélagið Þróttur (UMFP):**

Svava Arnardóttir  
Tinna Hallgrímsdóttir

**Ungmennafélagið Vesturhlíð (V):**

Einar Kristján Jónsson

**Ungmennafélagið Fjölpir (UMFF):**

Guðmundur L. Gunnarsson (fyrir hádegi)  
Málfríður Sigurhansdóttir (eftir hádegi)

**Ungmennafélag Kjálnessinga (UMFK):**

Sigrún Jóhannsdóttir

**Ungmennasamband Kjálarnespings (UMSK):**

Magnús Gíslason  
Guðmundur Sigurbergsson  
Lárus B. Lárusson

**Ungmennafélagið Skipaskagi (USK):**

Anna Bjarnadóttir

**Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB):**

Kristín Gunnarsdóttir

**Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN):**

Jenny Nilsson

**Héraðssambandið Hrafnaflóki (HHF):**

Valdimar Gunnarsson

**Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (HSH):**

Garðar Svansson

**Héraðssamband Bolungarvíkur: (HSB)**

Katrín Gunnarsdóttir

**Héraðssamband Vestfirðinga (HSV):**

Guðný Stefania Stefánsdóttir  
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

**Héraðssamband Strandamanna (HSS):**

Vignir Örn Pálsson

**Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga (USVH):**

Reimar Marteinnsson

**Ungmennasamband Austur-Húnavetninga (USAH):**

Aðalbjörg Valdimarsdóttir

**Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS):**

Dúfa Ásbjörnsdóttir

**Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF):**

Sigurður Gunnarsson  
Sigurpáll Gunnarsson

**Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE):**

Bjarnveig Ingvadóttir  
Þorsteinn Marinósson

**Ungmennafélag Akureyrar (UFA):**

Birgitta Guðjónsdóttir

**Héraðssamband Þingeyinga (HSÞ):**

Elín Sigurborg Harðardóttir  
Kolbrún Ívarsdóttir

**Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA):**

Egill Gunnarsson

**Ungmennasambandið Úlfjótur (USÚ):**

Valdemar Einarsson

**Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS):**

Pálmi Kristinnsson

**Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK):**

Guðríður Aadnegard

**Ungmennafélagið Víkverji (UV)****Ungmennafélagið Óðinn (UMFÓ)**

**Stjórn UMFÍ:**

Helga Guðrún Guðjónsdóttir  
Haukur Valtýsson  
Örn Guðnason  
Helga Jóhannesdóttir  
Hrönn Jónsdóttir  
Björg Jakobsdóttir  
Gunnar Gunnarsson

**Varastjórn UMFÍ:**

Ragnheiður Högnadóttir  
Baldur Daníelsson  
Kristinn Ó. Grétuson

**Starfsfólk UMFÍ:**

Sæmundur Runólfsson  
Guðbirna Kristín Þórðardóttir  
Helgi Gunnarsson  
Jón Kristján Sigurðsson  
Sabína Steinunn Halldórsdóttir  
Ómar Bragi Stefánsson

## Viðauki:

### Fundarskjal nr. 16

Tillaga frá vinnuhópi um landsmót UMFÍ

39. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stjórn-heimilinu í Garðabæ 11. október 2014,

#### 0. Umsókn um Landsmót

##### 0. grein

Stjórn UMFÍ skal auglýsa eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að halda landsmót, eigi síðar en þremur árum fyrir mót. Sambandsaðilar UMFÍ sem áhuga hafa, skulu senda umsókn sína til stjórnar UMFÍ. Í umsókn skal tilgreina væntanlegar keppnisgreinar sem mótshaldari vill láta keppa í. Með umsókn skal fylgja umsögn sveitarstjórnar á mótstað og aðrar upplýsingar sem umsækjandi telur að gagni geta komið við mat umsóknar.

##### 00. grein

Þegar stjórn UMFÍ hefur ákveðið mótshaldara landsmóts skal hún tilkynna viðkomandi sambandsaðila og öðrum umsækjendum ákvörðun sína með formlegum hætti.

##### 000. grein

Gera skal skriflega samninga um mótið og framkvæmd þess við mótshaldara og sveitarfélag.

##### 0000. grein

UMFÍ komi sterkt að yfirbragði mótanna og fjármögnun þeirra. UMFÍ leggur til framkvæmdastjóra og verkefnastjóra á sinn kostnað. Þá skal þing UMFÍ ákveða fjárstyrk til mótshaldara til kynningar á mótinu, sem verði á ábyrgð mótshaldarans.

##### 00000. grein

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd sem sér um undirbúning og framkvæmd mótsins. Nefndin skal skipuð af mótshaldara, og skulu viðkomandi sveitarfélagi og stjórn UMFÍ tilnefna fulltrúa í nefndina.

## I. Almennt um Landsmót

### 1. grein

Landsmót skal halda á 4 ára fresti í júlí og standa í 3–5 daga.

### 2. grein

Landsmótsnefnd skal skipuð af mótshaldara og stjórn UMFÍ. Hver sambandsaðili og íþróttabandalag skal skipa landsmótsnefnd og tilkynna forsvarsmann hennar til UMFÍ eigi síðar en 3 mánuðum fyrir mót.

### 3. grein

Mótið skal vera fjölbreytt og með sem mestum menningarblæ þannig að það sýni störf félaganna í sem ríkustu mæli. Áhersla skal lögð á að bæta lýðheilsu almennings. Þar er einkum átt við að mótshaldari skuli standa fyrir fyrirlestrum og kynningum á hverju því sem getur leitt til bættrar heilsu fólks. Í hóp göngu íþróttamanna og forystufólks UMFÍ við upphaf mótssetningar skal áhersla lögð á að keppendur mæti í samstæðum íþróttabúningum merktum sínu sambandi eða félagi, og gangi undir merki þess.

## II. Um þátttökurétt

### 4. grein

Þeir einir hafa rétt til keppni sem eru félagar í ungmennafélagi eða í íþróttafélagi og uppfylla skilyrði viðkomandi sérsambands til keppni með félagi í ákveðinni íþróttgrein þar sem það á við. Keppnislið skulu vera sambandsaðilar UMFÍ og íþróttabandalög. Íþróttabandalög njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og sambandsaðilar UMFÍ.

### 5. grein

Almennt má hvert þátttökulið senda 4 keppendur í hverja einstaklingsgrein og eina sveit í boðsund, boðhlaup og eitt lið í liðakeppni. Hver keppandi má keppa að hámark í 5 einstaklingsgreinum og tveimur boðgreinum í viðkomandi íþróttgrein. Mótshaldara er heimilt að auglýsa ótakmakaða þátttöku í einstökum greinum, þar sem höfðað er til fjöldaðátttöku. s.s. í almenningshlaupum. Þá er mótshaldara heimilt að leggja til að fleiri en eitt lið megi taka þátt í liðakeppni, þar sem aðstæður leyfa. Mótshaldari skal leggja fram tillögu þess efnis til stjórnar UMFÍ a.m.k. 15 mánuðum fyrir Landsmót. Stjórn UMFÍ skal afgreiða tillögur mótshaldara

## I. Almennt um Landsmót

### 1. grein

Landsmót skal halda á 4 ára fresti í júlí og standa í 3 daga.

### 2. grein

Landsmótsnefnd skal skipuð af mótshaldara og stjórn UMFÍ. Landsmótsnefnd skal ákveða heildardagskrá mótsins. Einnig skal nefndin leggja fram tillögu til stjórnar UMFÍ um keppnisgreinar á mótinu, eigi síðar en 6 mánuðum fyrir mót.

### 3. grein

Mótið skal vera fjölbreytt og höfða til þátttöku sem flestra þar sem afreks- og almenningsíþróttir skipa stærstan sess. Áhersla skal lögð á bættu lýðheilsu almennings. Einnig skal mótshaldari leggja áherslu á staðbundna menningu í dagskrá mótsins.

### 3-1. grein

Vinna skal markvisst með sérsamböndum að útfærslu íþróttakeppni í einstökum greinum.

## II. Um þátttökurétt

### 4. grein

Mótið er öllum opið en keppendur þurfa að hafa náð 16/18 ára aldri. Keppendur þurfa að uppfylla skilyrði viðkomandi sérsambanda til keppni þegar þar á við.

### 5. grein

Keppnislið geta verið sambandsaðilar UMFÍ og íþróttabandalög en einnig er öðrum heimilt að búa til lið og taka þátt í keppni svo fremi sem þau uppfylla skilyrði til keppni. Mótshaldari ákveður fyrirkomulag keppinnar og getur takmarkað liðafjölda og fjölda keppenda í hverri grein.

Stjórn UMFÍ skal afgreiða tillögur mótshaldara 15 mánuðum fyrir landsmót og sameiginlega skal UMFÍ og mótshaldari tilkynna tilhögun vegna þessa með a.m.k. árs fyrirvara.

### 6. grein

Þátttökuaðilar skulu tilkynna til mótshaldara þátttöku í keppnisgreinum mánuði fyrir mót.

a.m.k. ári fyrir landsmót og sameiginlega skal UMFÍ og mótshaldari tilkynna tilhögun vegna þessa með a.m.k. ársfyrirvara.

#### 6. grein

Þátttökuaðilar skulu tilkynna til mótshaldara þátttöku í keppnisgreinum mánuði fyrir mót. Landsmótsnefnd skal senda drög að tímasettri dagskrá mótsins til aðildarfélaganna í síðasta lagi mánuði fyrir mótið. Lokáttökutilkynningar skulu vera komnar í hendur framkvæmdanefndar mótsins 10 dögum fyrir mótið ásamt nafnaskrá keppenda og fararstjóra. Öllum skráningum í einstaklingsgreinar skal fylgja kennitala. Í hlaupagreinum og sundi skal greina frá besta löglega tíma viðkomandi síðustu 12 mánaða. Landsmótsnefnd er heimilt að setja sérstakar reglur í samráði við stjórn UMFÍ um á hvern hátt þáttökutilkynningum skuli skilað.

#### 7. grein

Heimilt er að breyta nöfnum í greinum þar til einum degi fyrir upphaf móts og skulu tilkynningar berast til sérgreinastjóra viðkomandi keppnisgreina.

#### 8. grein

Þáttökugjald er tvennskonar: einstaklingsgjald og liðagjald. Þátttakendum á Landsmótinu ber að greiða þáttökugjald sem er óafturkræft en heimilt er að skipta um nafn án sérstakrar greiðslu. Ákveðið hámarksgjald skal ákveðið af sambandsþingi fyrir hvert mót og skal greitt áður en mót hefst. Í knattspyrnu, körfubolta, handbolta og blaki skal greiða liðagjald.

Landsmótsnefnd skal auglýsa drög að tímasettri dagskrá mótsins eigi síðar en þremur vikum fyrir mót.

Öllum skráningum í einstaklingsgreinar skal fylgja kennitala.

#### 7. grein

Heimilt er að breyta nöfnum í greinum þar til einum degi fyrir upphaf móts og skulu tilkynningar berast til sérgreinastjóra viðkomandi keppnisgreina.

#### 8. grein

Þáttökugjald er tvennskonar: einstaklingsgjald og liðagjald. Þáttökugjald skal greitt áður en keppni hefst. Þátttakendum á Landsmótinu ber að greiða þáttökugjald sem er óafturkræft en heimilt er að skipta um nafn án sérstakrar greiðslu. Ákveðið hámarksgjald skal ákveðið af sambandsþingi fyrir hvert mót og skal greitt áður en mót hefst.

### III. Starfsmenn

#### 9. grein

Óski mótshaldari eftir starfsmönnum frá þátttöku-aðilum skal hann gera það mánuði fyrir mót. Hver þátttökuaðili skal leggja til starfsmenn á mótið sé þess óskað samkvæmt eftirfarandi reglu: Einn starfsmann fyrir hverja 25 keppendur.

### IV. Um fundi, kærur og fleira

#### 10. grein

Skipuð skal þriggja manna dómnefnd eigi síðar en 6 mánuðum fyrir Landsmót. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir af stjórn UMFÍ og einn af landsmótsnefnd og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin fjalla um öll deilumál sem koma upp í keppninni og dæma í þeim samkvæmt reglugerð þessari og leikreglum viðkomandi sérsambands þar sem reglugerð þessi nær ekki til. Kærur skulu berast undirritaðar af fyrirliða og aðalfararstjóra skrifstofu mótsstjórnar eigi síðar en 3 klukkustundum eftir lok þeirrar keppni sem kæra á. Kveði reglur sérsambands á um styttri kærufrest skal fara eftir þeim. Fulltrúi kæranda skal vera viðstaddur meðferð málsins og fulltrúi kærða skal einnig eiga þess kost. Dómnefnd skal taka mál fyrir svo fljótt sem auðið er. Úrskurði dómnefndar verður ekki áfrýjað.

### V. Aðbúnaður keppenda

#### 11. grein

Tjaldbúðir eru meginform gistingar. Þó skulu þátttökuaðilum standa til boða skólastofur eða annað húsnæði til gistingar. Landsmótshaldari skal sjá fyrir strangri gæslu í og við keppendabúðir þannig að keppendur verði fyrir sem minnstu ónæði á meðan mótið stendur. Hvert þátttökulið skal skipa tjaldbúðastjóra sem tekur fullan þátt í þessari gæslu og ber ábyrgð á sínu liði.

#### 12. grein

Þátttökuaðilar skulu bera ábyrgð á því að keppendur á þeirra vegum fylgi þeim reglum sem mótshaldari setur, hvort sem er í tjaldbúðum eða annarsstaðar á mótssvæði.

### III. Starfsmenn

#### 9. grein

Mótshaldari sér um að útvega alla starfsmenn sem þarf til að halda mótið.

### IV. Um fundi, kærur og fleira

#### 10. grein

Skipuð skal þriggja manna dómnefnd eigi síðar en 3 mánuðum fyrir Landsmót. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir af stjórn UMFÍ og einn af landsmótsnefnd og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin fjalla um öll deilumál sem koma upp í keppninni og dæma í þeim samkvæmt reglugerð þessari og leikreglum viðkomandi sérsambands þar sem reglugerð þessi nær ekki til. Kærur skulu berast undirritaðar á skrifstofu mótsstjórnar eigi síðar en 2 klukkustundum eftir lok þeirrar keppni sem kæra á. Kveði reglur sérsambands á um styttri kærufrest skal fara eftir þeim. Fulltrúi kæranda skal vera viðstaddur meðferð málsins og fulltrúi kærða skal einnig eiga þess kost. Dómnefnd skal taka mál fyrir svo fljótt sem auðið er. Úrskurði dómnefndar verður ekki áfrýjað.

### V. Aðbúnaður keppenda

#### 11. grein

Tjaldbúðir eru meginform gistingar. Landsmótshaldari skal sjá fyrir gæslu í og við keppendabúðir þannig að keppendur verði fyrir sem minnstu ónæði á meðan mótið stendur.

## VI. Um stigakeppni

13. grein

a) Einstaklingskeppni

Tíu fyrstu einstaklingar í hverri grein hljóta stig sem hér segir:

1. sæti = 10 stig, 2. sæti = 9 stig, 3. sæti = 8 stig,  
4. sæti = 7 stig, 5. sæti = 6 stig, 6. sæti = 5. stig,  
7. sæti = 4. stig, 8. sæti = 3 stig, 9. sæti = 2 stig,  
10. sæti = 1 stig.

b) Liðakeppni

Tíu fyrstu lið hljóta stig sem hér segir:

1. sæti = 100 stig, 2. sæti = 90 stig, 3. sæti = 80 stig,  
4. sæti = 70 stig, 5. sæti = 60 stig, 6. sæti = 50 stig,  
7. sæti = 40 stig, 8. sæti = 30 stig, 9. sæti = 20 stig,  
10. sæti = 10 stig.

14. grein

Sigurvegari í hverri keppnisgrein hlýtur sæmdarheitið Landsmótsmeistari í viðkomandi grein. Í liðakeppni þar sem keppt er bæði í karla- og kvennaflokki skal veita eignarbikara til sigurvegara í hvorum flokki fyrir sig. Sá þátttökuaðili sem flest stig fær úr öllum greinum samanlagt er sigurvegari Landsmótsins.

## VII. Keppnisgreinar

15. grein

Frjálsar íþróttir (karla/kvenna)

Starfsíþróttir

Glíma (karla/kvenna)

Sund (karla/kvenna)

Mótshaldari skal ákveða aðrar keppnisgreinar og skulu þær tilgreindar í umsókn mótshaldara um landsmót. Að auki er heimilt að bæta við keppnisgreinum fram til 1. maí ári fyrir landsmót. Móts-haldari skal tilkynna stjórn UMFÍ, héraðssamböndum, íþróttabandalögum og sérsamböndum hverjar keppnisgreinar verða á landsmóti með a.m.k. árs fyrirvara. Mótshaldari skal jafnframt tilkynna keppnisfyrirkomulag greina til sömu aðila með a.m.k. árs fyrirvara.

## VI. Um stigakeppni

13. grein

?

14. grein

Sigurvegari í hverri keppnisgrein hlýtur sæmdarheitið Landsmótsmeistari í viðkomandi grein. Í liðakeppni þar sem keppt er bæði í karla- og kvennaflokki skal veita eignarbikara til sigurvegara í hvorum flokki fyrir sig.

## VII. Keppnisgreinar

15. grein

Landsmótsnefnd ákveður keppnisgreinar á mótinu með samþykki stjórnar UMFÍ sbr. 2. grein.

## VIII. Um verðlaun

### 16. grein

Í heildarstigakeppni Landsmótsins skulu 6 efstu þátttökuaðilar fá númeruð verðlaun. Þrír fyrstu í hverri grein hljóta verðlaun.

### 17. grein

Þrír fyrstu í hverri grein hljóta verðlaun. Séu tveir eða fleiri jafnir að stigum eða hafi hlotið sama árangur eftir stigatöflu skulu allir hljóta samskonar verðlaun. Um önnur verðlaun en hér eru nefnd vísast til viðkomandi íþróttagreinar.

### 18. grein

Sérverðlaun sem hér segir:

1. Stigahæstu konu í frjálsum íþróttum.
2. Stigahæsta karli í frjálsum íþróttum.
3. Besta afrek karla samkvæmt alþjóðastigatöflu.
4. Besta afrek kvenna samkvæmt alþjóðastigatöflu.

### 19. grein

Sérverðlaun verði veitt sem hér segir:

1. Stigahæsta kona í sundi.
2. Stigahæsti karl í sundi.
3. Besta afrek karla samkvæmt alþjóðastigatöflu.
4. Besta afrek kvenna samkvæmt alþjóðastigatöflu.

## IX. Gildistími

### 20. grein

Reglugerð þessi er samþykkt á 46. sambandsþingi UMFÍ sem haldið var í Keflavík 10.–11. október 2009 og tekur strax gildi. Ef nauðsyn krefur hefur landsmótshaldari heimild til að víkja frá ákvæði reglugerðar með heimild dómnefndar mótsins. samkvæmt 10. grein.

## VIII. Um verðlaun

### 1. grein

Þrír fyrstu í hverri grein hljóta verðlaunapening. Sigurvegari hlýtur verðlaunagrip.

### 2. grein

Sigurvegari í hverri keppnisgrein hlýtur sæmdarheitið Landsmótsmeistari í viðkomandi grein. Í liðakeppni þar sem keppt er bæði í karla- og kvennaflokki skal veita eignarbikara til sigurvegara í hvorum flokki fyrir sig.

## IX. Gildistími

### 20. grein